

Eystrahorn

13. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 31. mars 2022

www.eystrahorn.is

Ný líkamsræktarstöð við sundlaugina

Um þessar mundir er verið að leggja lokahönd á hönnun á nýrri líkamsræktarstöð við Sundlaug Hafnar og styttest óðum í að framkvæmdir hefjist. Verkið verður að öllum líkindum boðið út í tvennu lagi, grundunin annars vegar og bygging líkamsræktarinnar hins vegar og miðað er við stöðin opni haustið 2023. Byggingin verður um 600 m² auk tengibyggingar, útiklefa og útisvala.


Líkamsræktin verður fyrsta umhverfissvottaða húsnæðið sem sveitarfélagið byggir en þegar húsnæði fær umhverfissvottun er sérstaklega gætt að allri hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Í slíkum byggingum er gert ráð fyrir mjög góðri endingu húsnæðis og að rými nýtist á hagkvæman og sveigjanlegan hátt. Minni úrgangur á að verða á byggingartímanum og byggingarefnin vistvænni. Þá er gert ráð fyrir góðri nýtingu á orku, vatni og öðrum auðlindum og að hún sé vistvæn og hagkvæm í rekstri.

Á teikningunum má sjá grunnaðstöðu í húsinu sem verður á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni verða tveir salir og tengibygging við sundlaugina ásamt útiklefum á milli líkamsræktar og sundlaugar. Minni salurinn verður með sérstaka styrkingu í gólfinu fyrir þá sem nota þung lóð. Á efri hæðinni verða þrjú herbergi fyrir sjúkrahjálfara, nuddara eða aðra sem vilja bjóða upp á þjónustu



við einstaklinga auk salar sem hægt verður að skipta í tvennt þegar þörf er á. Svalir eru á allri suðurhlíð efri hæðarinnar og lyfta verður á milli hæðanna. Þess má svo geta að samhliða þessum framkvæmdum verður útbúinn sérstakur búningaklefi fyrir fatlaða og kynsegin fólk sem vilja vera út af fyrir sig eða þurfa aðstoð frá gagnstæðu kyni. Sá klefi verður með um það bil 10 skápum og verður á milli núverandi búningaklefa og við hlið gufubaðsins. Búningaklefar í líkamsrækt og sundlaug verða samnýttir og þannig geta gestir líkamsræktar skellt sér í sund að lokinni æfingu.

Í hönnunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að samráð við notendur og nú þegar er hafið samtal við hjálfara um fyrirkomulag á aðstöðunni innan húss og nýtingu þess. Þrátt fyrir að einhver tæki séu inn á teikningunum þá segja þau ekkert til um það hvernig fyrirkomulagið verður heldur eru þau einungis til að gefa hugmynd að stærð. Þá er Sveitarfélagið Hornafjörður þátttakandi í verkefninu heilsuefandi samfélag. Líkamsræktarstöð sem er samtengd sundlaug



og í næsta nágrenni við aðra íþróttaaðstöðu býður upp á margskonar möguleika á líkamsrækt og heilsuefingu fyrir alla aldurshópa og styður vel við hugmyndafræði heilsuefandi samfélags ásamt því að falla vel að heimsmarkmiðum 3, 11 og 13. Það eru þó iðkendurnir sem á endanum skera úr um það hversu vel tekst til. Þess vegna er samtalið við hjálfara og þá sem standa nú í eldlínunni við að bæta líkamlegt og andlegt ástand íbúanna svo mikilvægt. Það verða aldrei allir sammála um bygginguna sjálfa en samtalið og samvinna þeirra sem nota hana

skiptir mestu máli. Framundan eru spennandi tímar með ótal tækifærum til almennrar heilsuræktar og enn fleiri möguleikum til að styðja betur við íþróttafólkið okkar. Bygging líkamsræktar er fyrsti áfangi í uppbyggingu íþróttamannvirkja á miðsvæði í samræmi við deiliskipulag sem er nú í vinnslu. Á fjárhagsáætlun sem samþykkt var fyrir árin 2023-2025 er nýtt íþróttahús á áætlun árið 2024 þar sem gert er ráð fyrir um 2000 m² húsi með möguleika á viðbyggingu fimleikahúss.

Stíll hönnunarkeppni

Um helgina fóru undirrituð til Reykjavíkur til að keppa í Stíll sem er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva. Í keppninni í ár voru 18 lið frá 16 félagsmiðstöðvum og lentum við í 3. sæti og erum við mjög stolt af árangri okkar. Þemað í ár var geimurinn og hönnuðum við og saumuðum kjól með tilvisun í tunglið og var módelið okkar gyðja tunglsins. Við sáum líka um að farða og greiða módelinu okkar. Þetta ferli var mjög skemmtilegt en á sama tíma mjög krefjandi. Að fá að taka þátt í þessari keppni fyrir hönd Þrykkjunnar var mikill heiður og hvetjum við alla unglunga til þess

að taka þátt í Stíll, en áður en við fórum suður unnum við í undankeppninni á Höfn. Sunna Guðmundsdóttir var leiðbeinandi okkar og viljum við þakka henni fyrir alla hjálpinu, allt peppið og bara fyrir að vera svona frábær. Eins viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem studdu okkur en það voru Sveitarfélagið Hornafjörður, Litla Horn, Skinney-Pinganes, Róbert Matthíasson og foreldrar okkar.

Petra Rós, Róbert Þór og Eva Ósk



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

Öll auglýst dagskrá okkar er í fullum gangi.
Verið dugleg að taka þátt.



Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga

Aðalfundur Framsóknarfélags Austur-Skaftfellinga verður haldinn fimmtudaginn 31. mars kl. 20:00 í Viðreisn Víkurbraut 1

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf

Opinn málefnafundur verður haldinn laugardaginn 2. apríl kl. 11:00 í Viðreisn Víkurbraut 1

- Skipulags-, atvinnu- og menningarmál

Er ekki bara best að taka þátt og hafa áhrif

Stjórnin og framhjóðendur



FÆRMINGAR 2022
BJARNANESPRESTAKALL

2. apríl - Hafnarkirkja kl. 13:00
Helga Nótt Austar - Austurbraut 15

Skírdagur - Hafnarkirkja kl. 11:00
Berglind Stefánsdóttir - Fákaleira 4c
Guðlaug Gísladóttir - Hrísbraut 13
Hilmar Óli Jóhannsson - Heiðarbraut 2
Íða Mekkín Hlynsdóttir - Stekkaklettur
Sigurður Gunnlaugsson - Miðtún 20
Jahem Tristan Ocvil - Silfurbraut 35

Laugardagur fyrir páska - Hafnarkirkja kl. 11:00
Birta Ósk Sigbjörnsdóttir - Hlíðartún 27
Jón Dagur Ísaksen Hafsteinsson - Skólalabú 2
Kristín Magdalena Barboza - Hlíðartún 26

Hvítasunnudagur - Hafnarkirkja kl. 11:00
Emilía Alís Karlsdóttir - Hólabraut 1b
Guðmundur Leví Margeirsson - Norðurbraut 5
Hilmar Lárus Jónsson - Austurbraut 2
Lilja Rós Ragnarsdóttir - Vesturbraut 7
Solyana Natalie Felekesdóttir - Miðtún 3
Þorgerður María Grétarsdóttir - Smárabraut 12

Hvítasunnudagur - Stafafellskirkja kl. 13:30
Sveinn Óskar Ragnarsson - Hæðagarður 13



Bifreiðaskoðun á Höfn
4., 5. og 6. apríl.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 1. apríl.

Næst skoðað 16., 17. og 18. maí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

LEIÐARHÖFÐI HUGMYNDALEIT

VERÐLAUNAAFHENDING OG KYNNINGARFUNDUR



Sveitarfélagið Hornafjörður hefur frá því í haust staðið fyrir hugmyndaheit um skipulag og hönnun á opnu svæði við Leiðarhöfða á Höfn.

Fimm teymi tóku þátt í verkefninu sem var fjármagnað með styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða og liggja niðurstöður dómnefndar nú fyrir.

Að því tilefni er öllum áhugasömum boðið til hátiðlegrar athafnar í Nýheimum miðvikudaginn 6. apríl kl. 16-18 þar sem verðlaunaaafhending fer fram. Í kjölfarið verða allar tillögurnar fimm kynntar.



Allir velkomnir!

Frá Ameríkuhreppi til Austur-Skaftafellssýslu

Eyjólfur Aiden er 17 ára gamal og hefur verið búsettur síðastliðið ár hér á Hornafirði. Hann á ættir að rekja hingað en amma hans og afi eru Guðlaug Hestnes og Örn Arnarson eða Gulla og Brói eins og þau eru oftast kölluð. Eyjólfur fæddist á Akureyri en fluttist nokkura mánaða gamall til Ameríku með foreldrum sínum og hefur búið þar síðan. En hann átti sér draum að fá að prófa að búa á Íslandi hjá ömmu og afa, hann hefur verið alinn upp við bæði íslenska og ameríska siði og er heimilið hans úti mjög íslenskt og halda þau bæði íslensk og amerísk jól. Helsti munurinn sé í raun bara veðrið. Ritstjóri ákvað að heyra aðeins í Eyjólfvi og forvitnast hvernig honum hefur líkað Íslandsdvölin.

Af hverju langaði þig að koma og prófa að búa á Íslandi?

Ég kom til Íslands til að vera með amma og afi. Ég vildi læra tungumálið og að skrifa betur. Ég vildi prufa að vera í skóla, og allt sem fólk gerir á aldurinn minn. Ég vildi bara að vera Íslendingur.

Hvernig hefur þér líkað að búa á Höfn?

Það er búinn að vera frábært. Þetta er mjög öðruvísi en Ameríku. Ég bjó í borg sem er að vera svona 600 þúsund manns. Og að koma til bær sem er svona 2000 manns er mjög skritið. Að koma inni samfélagið var ekki svo erfitt. Ég var að vinna þegar ég kom, og það hjálpaði. Ég er búinn að taka þátt í svo miklu. Ég er tæknimaður í leikritið. Ég tek upp stuttmyndir með vínir. Og ég er búinn að ferðast hring um landið.

Hvað er ólíkt við lífið á Höfn og svo í Bandaríkjunum?

Ég er frjálss hérna á Höfn. Ég er að fara út og gera eitthvað. Ég er að keyra og vinna. Ég má gera miklu meira hérna á Íslandi en ég má í Ameríku. Námið er öðruvísi. Hérna ég er í framhaldsskóla sem er College í Ameríku. Ég má ráða hvað ég vil taka. Það er engin fast food hérna á Höfn eins og það er í Ameríku. Ég er að tala um Panda Express, McDonalds, eða Taco Bell. Ég sakna þess stundum en það er betur fyrir mig. Ég var að borða of mikið fast food.



Fjölskylduvinir í eyjaferð

Hvar sérðu fyrir þér að vera í framtíðinni?

Ég er ekki svo viss. Ég elska að vera hérna á Íslandi en lífið mitt er í Kaliforníu. En hver veit, ég mun kannski flytja hérna eftir ég er búinn með skólann úti.

Textinn er óbreyttur á úbyrgð prófarkalesara

Listi Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði

Gauti Árnason, stöðvarstjóri N1
Hjördís Edda Olgeirsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Sveitarfélaginu
Skúli Ingólfsson, bæjarverkstjóri
Björgvin Hliðar Erlendsson, sjálfstætt starfandi
Tinna Rut Sigurðardóttir, félagsliði
Pröstur Jóhannsson, hafnsögumaður og hafnarvörður
Andri Már Ágústsson, viðskiptafræðingur
Kjartan Jóhann Einarsson, nemi
Steindór Sigurjónsson, hóteltjóri
Goran Basrak, starfsmaður sundlaugar og nemi
Bjarney Bjarnadóttir, flugfreyja og jöklaleiðsögumaður
Þóra Björg Gísladóttir, veitingahúsaeligandi
Níels Brímar Jónsson, málaramestari
Páll Róbert Matthíasson, stöðvarstjóri á Olls og bæjarfulltrúi

Bæjarmálafundur

Laugardaginn 2. apríl klukkan 11:00
boðar Sjálfstæðisfélagið til súpufundar í húsi félagsins að Kirkjubraut 3.
Umræður um komandi sveitarstjórnarkosningar og annað sem brennur á fólki.
Frambjóðendur verða á staðnum.

D

Allir velkomnir

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?

Hlustaðu á þættina á www.eystrahorn.is/hladvarp eða á Spotify



Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

AÐALFUNDUR

Ferðafélags Austur-Skaftfellinga verður haldinn í Gömlubúð fimmtudaginn 7. apríl kl. 20.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagsmenn hvattir til að mæta og kynna sér starfsemi félagsins

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin





**OPINN FUNDUR
með frambjóðendum
til sveitarstjórnar**

Staða
fatlaðs fólks í sveitarfélögum
HORNAFJÖRÐUR
framhaldsskólanum FAS
í dag **31. mars, kl. 17-18.30**

Hverjar eru áherslur framboðanna varðandi:
Búsetu, húsnæðismál, aðgengi,
atvinnu, NPA, skólamál, frístund,
ferðapjónustu og aðra þjónustu?




**Margt fallegt og nýtsamlegt fyrir
fermingarbarnið**

Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar,
vekjaraklukkan, útvörp speglar ofl í herbergið
Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.
Úrval af fallegum skartgripum
Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Símar: 478-2535 / 898-3664




Hreinsivika 5. – 8. apríl

**Brotajárn verður sótt í dreifbýli sveitarfélagsins
dagana 5.- 8. apríl.** Þjónustan er gjaldfrjál og eru
íbúar hvattir til að nýta sér hana.


Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu eru beðnir
um að hafa samband við **Sigfinn í Áhaldahúsinu** í
síma **470-8027** eða með því að senda tölvupóst á
sigfinnur@hornafjordur.is í **seinasta lagi**
mánudaginn 4. apríl.

Undir brotajárn falla t.d. bílhræ, bárujárn og
landbúnaðarvélar.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sumarstörf á Hótel Höfn

Við leitum að öflugum og jákvæðum starfsfólki
í eftirfarandi störf

- * Almenn þernustörf
- * Þjónar í morgunverð
- * Þjónar í veitingasal og hópasal

Hæfniskröfur:

- Stundvísi og góð framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reglusemi og snyrtimennska
- Góð enskukunnátta

Allar nánari upplýsingar er hægt
að nálgast í móttöku okkar á Hótel Höfn,
í síma 478-1240 eða á netfangi okkar
info@hotelhofn.is

Umsókn skulu berast fyrir 15. Apríl,
á info@hotelhofn.is